

25/05/2011 Niðurstaða athugunar á Vátryggingafélagi Íslands hf.

Fjármálaeftirlitið framkvæmdi, með vísan til 1. og 3. mgr. 9 gr. laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi nr. 87/1998, athugun á ákveðnum þáttum í starfsemi Vátryggingafélags Íslands hf. (VÍS) á tímabilinu febrúar 2008 til febrúar 2010. Í kjölfar þessa aflaði Fjármálaeftirlitið fyllri gagna í samskiptum við forsvarsaðila félagsins.

Niðurstaða úttektar Fjármálaeftirlitsins var sú að rétt væri að forstjóri félagsins víki sæti.

Á grundvelli 9. gr. a í lögum nr. 87/1998 er Fjármálaeftirlitinu heimilt að birta opinberlega niðurstöður í málum og athugunum. Gagnsæisstefnan er nánar útfærð á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins.

Fjármálaeftirlitið vill í þessu samhengi taka fram að fjárhagsstaða félagsins er sterk. VÍS er stærsta vátryggingafélagið á íslenskum vátryggingamarkaði og voru eignir félagsins í árslok 2010 samkvæmt ársreikningi 35 ma.kr., og þar af nam eigið fé rúmlega 11 ma.kr. Í lok fyrsta ársfjórðungs 2011 voru eignir félagsins um 39 ma. kr. Tæplega helmingur þeirra eru verðbréf með ábyrgð ríkisins, eða um 16 ma.kr. Innstæður námu 4,7 ma.kr. og verðbréf skráð á reglulegum verðbréfamarkaði námu um 4,5 ma.kr.